Fundargerð 3. nóvember kl. 19:45

Mætt voru:

Jónatan, Jóna, Ásdís, Sigurgeir, Guðrún Jóhanna og Anna aðstoðarskólastjóri.

Fundaratriði:

- lyklavöld að skólanum. Samþykkt var að skólinn myndi bera ábyrgðina á lyklunum að skólunum til útláns til bekkjarfulltrúa í stað stjórnarmeðlima foreldrafélagsins.
- Erla Ruth hefur auglýst leiksýningu sem ákveðið er að sé í höndum bekkjarfulltrúa að ákveða hvort krakkarnir fari eða ekki. Á meðan ég skrifa þetta velti ég fyrir mér hvort við sem stjórn ættum að hafa facebook síðu fyrir bekkjarfulltrúa á vegum Víðistaðaskóla – gæti auðveldað upplýsingaflæði varðandi tilboð og annað sem berst til bekkjarfulltrúa, hægt væri að senda ábendingar um fræðslu og eins áminningar varðandi foreldraröltið, gæti verið góð hugmynd.
- Föstudaginn 27. nóvember verður aðventudagur fjölskyldunnar fyrir 1-4. bekk þar sem börnin föndra ásamt fjölskyldu uppí skóla.
- Helgileikur verður þann 10. desember hjá 5. bekk og kórinn syngur (4. bekkur), rætt var um hvort þau myndu svo koma á Hrafnistu til að sýna helgileikinn og syngja. Á eftir að skoða það nánar.
- Ræddum einnig samvinnuverkefnið um lestrarátakið milli Víðistaðaskóla og Hrafnistu, mikilvægt væri að koma því af stað aftur. Er í skoðun, skv tölvupóstum er fyrirhugað að það fari af stað um miðjan janúar en á eftir að staðfesta.
- Þegar það er foreldradagur og krakkarnir í 10. bekk eru með fjáröflunarsölu þarf að minna á HNETUOFNÆMIÐ, erum með tvo nemendur í starfsstöðinni við Víðistaðatún og einn nemanda í starfsstöðinni við Engidal sem er með bráðaofnæmi fyrir hnetum og mikilvægt að það sé tekið tillit til þess. Búið var að nefna þetta við eitt foreldrið í 10. bekk sem ætlaði að koma skilaboðunum áleiðis en það er aldrei of oft minnt á þetta og spurning hvort skólinn sendi út áminningu til foreldra á tölvupósti reglulega. Hjúkrunarfræðingur heldur almennt utan um fræðslu og ráðgjöf til foreldra um heilsufarsleg mál.
- Samkvæmt ábendingu frá Jóney, varamanni í stjórn, þá var rætt um fjármálafræðsluna sem Jón Jónsson hefur staðið fyrir í gegnum Arion banka. Anna aðstoðarskólastjóri ætlaði að kanna hvort að það kostaði eitthvað að fá hann inn í skólann til að hafa fræðslu fyrir nemendur.
- Hrafnhildur kennari er með framhaldsnám tengt tungumálum hefur verið ráðin til að sinna erlendum börnum og foreldrum þeirra í náminu sérstaklega. Skólinn fær úthlutað 40 tíma á viku til að sinna þeirra málefnum og eru þeir fullnýttir.

- Rætt var um fjölmenningardaginn/-fundinn sem var á vegum Hafnarfjarðarbæjar í Lækjarskóla í október. Þar kom fram að margir erlendir foreldrar skilja ekkert hvað fer fram í skólunum hjá börnunum sínum og vegna tungumálaörðugleika geta þau ekki aðstoðað börnin sín. Mögulegt fjölmenningarráð á vegum Hafnarfjarðarbæjar gæti verið lausn á því.
- Tillaga var rædd um að fá starfsmenn skólans og kannski börnin eða foreldra til að hjálpa til við að þýða tilkynningar á vegum skólans svo að þær fari alltaf frá skólanum til foreldra á íslensku, ensku og pólsku.
- Hægt væri einnig að útbúa boð í afmæli eða bekkjarpartý á ensku og pólsku, svona standard texta á heimasíðu skólans undir flipanum foreldrar, svo að hægt sé að taka tillit til allra þegar börn og foreldrar eru að senda boðskort í sínum bekk. Þetta flækist oft fyrir foreldrum, eðlilega, sem verður til þess að sum börn missa af viðburðinum þar sem foreldrarnir skilja ekki hvað er sagt á miða eða í tölvupósti þegar verið er að bjóða.
- Sigurgeir á eftir að yfirtaka bókhaldið af Gerði, ætlar að vera búin að því fyrir næsta fund, fá yfirlist frá skólanum yfir þá foreldra sem eru í skólanum uppá að gera greiðslulista til að geta sent út greiðsluseðla fyrir félagsgjöldunum. Þurfum að muna að hafa útskýringu á ensku og pólsku með þeirri innheimtu líka.
- Rædd voru þau vandamál sem hafa verið tengd hegðun og samskiptum hjá hluta barna í fyrstu árgöngum. Skólinn vann markvisst í því að leysa vandann hjá einum árganginum ásamt teymi og nú er verið að vinna að málum hjá hinum árganginum.
- Handbók stuðningsfulltrúa sem Freyja Haralds skrifaði var einnig rædd og hversu gagnleg hún getur verið þótt það geti ekki alltaf allir verið sammála um allt. Fróðleg og gagnleg handbók, bein slóð hér: http://www.nams.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=64f90540-35eb-4cfd-885e-5213a4a72345

Ritari fundar:

Guðrún Jóhanna formaður